

ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044
 PÓSTHÓLF 8720 — 128 REYKJAVÍK — KENNITALA 420169-6209



Alþingi

20. desember 1993
 Einnúmer: P 117 / 1961

komudagur 22/12 1993

Fulltrúar í efnahags- og viðskiptanefnd
 Alþingi
 150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á vaxtabótum.

Ad beiðni sérfræðinga félagsmálaráðherra hefur Hagdeild ASÍ endurskóðað mat sitt á frumvarpinu um breytingar á vaxtabótakerfinu þar sem m.a. er tekið tillit til eignatengingar vaxtabóta o.fl. Niðurstaðan er í grófum dráttum sú sama og fram kom í þeirri umsögn sem lögð var fyrir þingnefndina af hálfu ASÍ, þ.e. að tillagan nær engan vegin þeim markmiðum sem að er stefnt heldur þvert á móti. Því er afar brýnt að fresta meðferð málsins um sinn til að hægt sé að endurskóða hina tæknilegu útfærsluna til að ná á þeim árangri sem stefnt er að.

Það er ljóst að hér er um afar flókið úrlausnarefni að ræða og því ekki hægt að skýra það með einföldum hætti. Í þeim dæmum sem notuð eru er tekið mið af kaupum á fjórum mismunandi íbúðum, 5, 6.5, 8 og 12 mill.kr. hvor fyrir sig með mismunandi eigin fjármögnun og lánsfjármögnun. Til að gera tölurnar samanburðarhæfar eru vaxtabætur reiknaðar út fyrir tiltekið tímabil á verðlagi hvers árs m.v. ákveðnar verðlagsforsendur og þær síðan núvintar.

Í eftirfarandi töflu hafa verið dregnar saman niðurstöður úr þessu talnaefni, þar sem gengið út frá þeirri staðreynd að stærð/verðmæti íbúðar tengist óneitanlega tekjum. Í töflunni kemur fram breyting (hækkun/lækkun) vaxtabóta á endurgreiðsluímabili lánanna (hér 25 ár) á núverandi verðlagi. Eins og fram kemur þá mun sú tillaga sem liggur fyrir Alþingi skerða vaxtabætur hjá þeim tekjulægstu (í töflunni skáletrað) en hlífa nánast alfarið þeim tekjuhærri.

Samanburður á breytingu vaxtabóta eftir kerfum:

Tekjur hjóna	Andvirði íbúðar	Eigin fjármögnun	Breyting frá kerfinu 1993 til 1994	Breyting frá kerfinu 1994 til 1995 Frumvarpið
1.000.000	5.000.000	250.000	-372.603	-412.763
2.000.000	6.500.000	775.000	-496.997	-276.828
3.000.000	8.000.000	1.500.000	-623.000	-9.448
4.000.000	12.000.000	5.500.000	-492.253	107.473

Í hjálögðum myndum má sjá samanburð á upphæð vaxtabóta á hverju ári (á verðlagi hvers árs) milli þessara þriggja kerfa (þ.e. núverandi kerfi, ákvörðun frá síðustu áramótum og frumvarpinu). Þar kemur fram, að til að byrja með munu vaxtabætur hækkað nokkuð m.v. ákvörðun um síðustu áramót hjá öllum þessum tekjuhópum, þó mest hjá þeim tekjuhærri. Hins vegar mun veruleg skerðing eiga sér stað seinna á lánstímanum, sérstaklega hjá þeim tekjulægri. Þannig að þegar upp er staðið mun þetta frumvarp skerða verulega vaxtabætur þeirra tekjulægstu en hækka vaxtabætur til þeirra tekjuhæstu. Segja má að með frumvarpinu sé verið að losa fólk hækkan í dag upp á 100 kr. með þeirri yfirlýsingu að til standi að taka af því 1.000 kr. á morgun.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að nauðsynlegt er að endurskóða þá útfærslu sem ákveðin var um síðustu áramót og lýsir sig sammála þeim markmiðum sem félagsmálaráðherra hefur sett sér með umræddu frumvarpi, þ.e. að bæta stöðu bæði þeirra tekjulægstu og þeirra sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn. Hins vegar er ljóst að þessu markmiði verður ekki náð með því frumvarpi sem Alþingi hefur til meðhöndlunar.

Því krefst Alþýðusambandið þess, að frumvarpið verði dregið til baka til að tími gefist að finna aðra tæknilega útfærslu sem tryggir að fyrrgreind markmið náist í reynd.


Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
 hagfræðingur ASÍ


í

Hagdeild ASÍ 20.12.1993


Vaxtabætur skv. mismunandi kerfum
á verðlagi hvers árs m.v. 1 mill.kr. tekjur
m.v. kaup á 5 mill.kr. íbúð



**Vaxtabætur skv. mismunandi kerfum
á verðlagi hvers árs m.v. 2 mill.kr. tekjur
og kaup á 6,5 mill.kr. íbúð**



Vaxtabætur skv. mlsmunandi kerfum
á verðlagi hvers árs m.v. 3 mill.kr. tekjur
og kaup á 8 mill.kr. íbúð



**Vaxtabætur skv. mismunandi kerfum
á verðlagi hvers árs m.v. 4 mill.kr. tekjur
og kaup á 12 mill.kr. íbúð**

